

**Nd.**

**1125. Frumvarp til laga**

**[290. mál]**

um Ríkisendurskoðun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. júní.)

Samhljóða þskj. 470 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Ríkisendurskoðun skal vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum.

2. gr. hljóðar svo:

Forstöðumaður stofnunarinnar, sem nefnist ríkisendurskoðandi, er skipaður af forseta Íslands, eftir tilnefningu forseta Alþingis, til 6 ára í senn. Ríkisendurskoðandi skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Starfskjör hans skulu ákveðin af kjaradómi. Ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsetar Alþingis geta, að fengnu samþykki sameinaðs þings, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi.

3. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðandi stjórnar Ríkisendurskoðun. Hann ræður nauðsynlegt starfsfólk til starfa og skal leitast við að það hafi staðgóða menntun og þekkingu og sé í einu og öllu óháð þeim ráðuneytum og stofnunum sem það vinnur að endurskoðun hjá.

4. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun er heimilt að fela óháðum löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum. Kostnað af slíkri endurskoðun greiðir sú stofnun sem í hlut á hverju sinni.

5. gr. hljóðar svo:

Reikningar Ríkisendurskoðunar skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forsetum Alþingis.

Reikningsskil Ríkisendurskoðunar skulu birt með ríkisreikningi.

6. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkv. fjárlögum eða öðrum tekjum samkv. sérstökum lögum. Enn fremur er Ríkisendurskoðun skyld að hafa umsjón með og aðstoða endurskoðendur, sem Alþingi kys samkv. sérstökum lögum, og endurskoðendur tilnefnda af hálfu ríkisins í fyrirtækjum eða stofnunum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins eða ríkissjóður á að hálfu eða meira.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé.

Þá getur Ríkisendurskoðun rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

8. gr. hljóðar svo:

Endurskoðun skal á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur,
2. að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur.

9. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnisýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum en í slíkri endurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskaiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

10. gr. hljóðar svo:

Í störfum sínum samkvæmt 7. gr. á Ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Þá getur Ríkisendurskoðun krafist þeirra upplýsinga og gagna sem þýðingu geta haft við störf hennar samkvæmt 8. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður hvar og hvenær endurskoðað er. Þegar ákveðið er að endurskoðun fari fram í skrifstofu stofnunar eða ríkisfyrirtækis er þeirri stofnun skyld að veita alla aðstöðu sem þarf til að unnt sé að endurskoða þar.

Ríkisendurskoðun getur kveðið á um frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið við bókhald eða fjárvörslu.

11. gr. hljóðar svo:

Nú ákveður ríkisendurskoðandi að beita ákvæðum 7. og 9. gr. og skal hann þá gera fjárveitinganefnd grein fyrir ákvörðunum sínum. Fjárveitinganefnd getur og haft frumkvæði að athugunum samkvæmt þessum lagaákvæðum.

15. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi:

1. Ákvæði í 6. og 10. gr. laga nr. 73/1969 sem kveða á um ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda.
2. Lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.